

Fundargerð

21. fundur svæðisráðs um strandsvæðisskipulag á Austfjörðum
23. fundur svæðisráðs um strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum
26. nóvember 2024 klukkan 13.00 í gegnum Teams fjarfundarbúnað

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs VEST: Aðalsteinn Óskarsson (AÓ), Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG), Friðfinnur Skaftason (FS), Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH), Hafdís Sturlaugsdóttir (HS), Freydís Vigfúsdóttir (FV) og Lilja Magnúsdóttir (LM).

Aðrir fulltrúar svæðisráðs AUST: Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ), Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG), Friðfinnur Skaftason (FS), Freydís Vigfúsdóttir (FV) og Þuríður Lillý Sigurðardóttir (PLS).

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ) sem ritaði fundargerð.

Jón Björn Hákonarson og Ívar Karl Hafliðason voru fjarverandi.

MJ setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Afgreiðsla á bréfi svæðisráðs Vestfjarða og svæðisráðs Austfjarða um hvatningu til frekari samvinnu og miðlun á niðurstöðum úr vötkun og rannsóknum á vistkerfum fjarða á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Á fundi svæðisráðs þann 11. apríl 2024 var ákveðið að senda bréf til Hafrannsóknarstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar til að minna á áherslur strandsvæðisskipulags Vestfjarða og Austfjarða um heildstæða vöktun (kafli 7.2) og kalla eftir upplýsingum um hvernig vöktun og samstarfi um vöktun og miðlun væri háttað.

Af svörum stofnanna má ætla að ýmis vöktun sé í gangi á helstu stöðum þar sem sjókvíeldi er stundað eða regluleg vöktun í undirbúningi. Vöktun er ýmist á höndum stofnanna eða fyrirtækjanna sjálfra og er þá kveðið á um vöktun í starfs- og rekstrarleyfum. Ekki er vitað hvernig unnið er úr þeim vöktunargögnum sem safnað er ýmist af stofnunum eða fyrirtækjunum.

Ákveðið var að senda Innviðaráðuneyti bréf þar sem vakin er athygli á nauðsyn þess að tryggja fullnægjandi vöktun á skipulagssvæðunum í samráði við Matvælaráðuneytið og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

Fulltrúar heimamnanna í svæðisráðum minntu á að það hefði ítrekið verið óskað eftir að framkvæmd vöktunar væri sem mest framkvæmd af heimamönnum. AÓ bentir á að 69. Fjórðungsþing Vestfirðinga skoraði á stjórnvöld að auka fjármagn til rannsókna á áhrifum fiskeldis á lífríkið og til miðlunar fræðslu um umhverfisleg, efnahagsleg og samfélagsleg áhrif sjókvíeldis á Íslandi.

2. Önnur mál.

Ákveðið var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fleira var ekki rætt. Fundi var slitið kl. 13:40.